

Wonga og rævene

„Wonga og refirnir“ (ekki þýdd)
Höfundur texta og mynda: Molly Wittus
(Danmörku)

Jensen & Dalgaard, 2024
Tilnefnd til barna- og unglingabókaverðlauna
Norðurlandaráðs 2025

Söguþráður: Wonga er að dunda heima hjá sér. Hún er að sauma regnkápu í saumavélinni sinni. Hún nýtur þess að vera ein. Þá er barið að dyrum. Það er refur sem er að leita skjóls fyrir rigningunni. Svo kemur annar refur. Og svo einn enn. Og enn einn. Og þannig heldur það áfram. Wonga verður annað hvort að sætta sig við þetta eða finna einhverja lausn.

Efnisorð: ímyndunarafl, náttúra, dýr, forvitni, veður, vinátta

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðaðu kápumyndina, hvað sérðu? Á næstu blaðsíðu sést húsið hennar Wongu, lýstu húsinu fyrir barninu. Myndi þig langa að búa í svona húsi? Hvernig líst þér á refina? Hefurðu einhvern tíma séð ref? Hvernig hljóð heldurðu að refir gefi frá sér?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hvað eru margir refir á bókarkápunni? Hefur þú einhvern tíma séð ref?
3. Hvernig heldurðu að Wongu verði við þegar er bankað á dyrnar? Hefur þú einhvern tíma fengið einhvern ókunnugan í heimsókn?
4. Heldurðu að refirnir séu hættulegir eða góðir? Hvað myndir þú gera ef það stæði refur við dyrnar hjá þér? Hvernig á að heilsa ref?
5. Teiknaðu mynd af þér með ref sem er vinur þinn og segðu frá honum.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hver er Wonga? Hvað finnst henni skemmtilegt? Skoðaðu myndirnar innan úr húsinu hennar og taktu eftir því hvers konar dót hún á?



2. Hvað hugsar Wonga þegar hún opnar dyrnar? Hvað myndir þú gera ef einhver ókunnugur stæði fyrir utan dyrnar hjá þér?
3. Skoðaðu myndirnar af refunum heima hjá Wongu á blaðsíðum 17-18. Hvað eru þeir að gera?
4. Veldu einn ref á myndinni og lýstu honum. Hvað finnst refnum skemmtilegt, hvar á hann heima og hvernig myndi regnkápan hans líta út?
5. Búðu til ref. Notaðu pappír eða pappa í mismunandi litum og mynstrum. Þú getur líka saumað, litað eða gert klippimynd úr mismunandi efnivið.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Skoðið bókina saman í hópum og ræðið myndirnar. Hver er Wonga, hvernig mynduð þið lýsa henni?
2. Í lokin fellst Wonga á að hjálpa refunum þó að hún hafi í upphafi bara viljað fá að vera í friði. Hvers vegna heldurðu að hún hafi skipt um skoðun? Hefur þú einhvern tíma skipt um skoðun?
3. Skrifaðu ljóð um að hitta einhvern sem þú þekkir ekki.
4. Á tímabili fær Wonga nóg af refunum og öllu saman. Hvað þýðir það? Hefur þú einhvern tíma fengið nóg af öllu?

5. Skoðaðu blaðsíður 19-20. Ímyndaðu þér að þú sért úti í skógi í rigningu. Hvernig er lyktin í skóginum, hvernig finnst þér hún? Hvað sérðu og heyrir í skóginum þegar rignir? Eru önnur dýr á ferli í rigningunni? Hvernig væri fullkominn rigningardagur í skóginum fyrir þér? Segið hvert öðru frá.

6. Hannaðu regnkápu. Er regnkápan handa þér eða handa einhverju dýri?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Om du möter en björn. Höfundar texta: Malin Kivelä og Martin Glaz Serup. Höfundur mynda: Linda Bondestam

O PO POI. Höfundur texta og mynda: Jan Oksbøl Callesen

Djur som ingen sett utom vi. Höfundur texta: Ulf Stark. Höfundur mynda: Linda Bondestam

MÁLAMOLI

"Refur"

sænska

Räv

danska

Ræv

norska

Rev

íslenska

Refur

færeyska

Revur

grænlandska


Terianniaq

finnska

Kettu

norðursamíska

Rieban



Fylgið Norræna bókagleypinum á Instagram til að fá hugmyndir að bókum sem gaman væri að lesa:
@nordiskabokslukaren